

Nd.

265. Nefndarálit

[85. mál]

um frv. til l. um efnahagsaðgerðir.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um langt skeið um frv. til l. um efnahagsaðgerðir. Fyrst í stað starfaði nefndin ásamt fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. að málinu. Í málsskjöllum, er voru lögð fram í Ed., má glögg sjá eðli og umfang þeirrar athugunar.

Að undanfögnu hefur nefndin kallað til fundar ýmsa aðila. Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. hefur fylgst með þeim störfum.

Starfsmenn fjármálaráðuneytisins hafa lagt fram upplýsingar um láglauabætur. Fulltrúar ASÍ og BSRB komu til fundar og lýstu sjónarmiðum sínum varðandi láglauabæturnar. Starfsmenn Seðlabanka lögðu fram upplýsingar um innkominn gengismun samkv. bráðabirgðalögunum, ráðstöfun fjáris og áætlun um óinnkominn gengismun. Fulltrúar LÍÚ, Sambands skreiðarframleiðenda og Framkvæmdastofnunar svöruðu fyrirspurnum um gengismun og ráðstöfun hans.

Ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins svaraði fyrirspurnum um sama mál.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og leggja undirritaðir nefndarmenn til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 255. Guðmundur J. Guðmundsson hefur á þessu stigi fyrirvara um breytingartillöguna.

Alþingi, 27. jan. 1983.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Ingólfur Guðnason,
fundaskr.

Guðm. J. Guðmundsson.